



SAMSTARFSVERKEFNI

LÆSI TIL FRAMTÍÐAR

SNEMMBÆR STUÐNINGUR Í LEIKSKÓLA
MEÐ ÁHERSLU Á MÁLÞROSKA OG LÆSI

Andrea Anna Guðjónsdóttir
Verkefnastjóri leikskólamála

Verkefnið byggir á þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur, talmeinafræðings.

Markmið verkefnisins er:

Að áhersla sé lögð á aukna þekkingu og hæfni alls starfsfólks leikskólanna og sveitafélagsins með það fyrir augum að öll börn fái íhlutun og áskoranir við hæfi í leik og starfi.

Að allir starfsmenn myndi lærdómsteymi – „Lærdómsteymi er grunneining í lærdómssamfélagi, þar á sér stað þekkingarsköpun og skapandi og gagnrýnin hugsun“


„Öflugt lærdómssamfélag er talið grundvallarþáttur í að styrkja hæfileika skóla til skólaþróunar og umbóta“

(sbr. Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, 2017)

Starfsþróunarverkefni og menntaumbætur

Verkefnið er unnið samkvæmt menntastefnu 2030 með það fyrir augum að virkja lærdómsteymi og lærdómssamfélagið m.a með:

- Leiðtogaþjálfun
- Ráðgjöf MMS
- Fyrirlestrum og fræðsluefni
- Málstofum- samstarfsgrundvelli og jafningafræðslu
- Samvinna er mikilvæg:
 - Við foreldra
 - Milli leikskóla
 - Milli skólastiga
 - Milli fagfélaga
 - Við háskólasamfélagið
 - Við aðrar stofnanir - bókasöfn
 - Í fjölbreyttri mynd og engum takmörkum sett



Verkefnið felur í sér:

- Innleiðingu á snemmtækri íhlutun varðandi málproska og undirbúning fyrir lestur.
- Auknar líkur á að öll börn nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti.
- Að draga úr og jafnvel fyrirbyggja lestrarörðugleika.
- Að valdefla leikskóla til að beita þessum aðferðum í daglegu starfi.

(sbr. Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2018)

Mikilvægt að hafa í huga að:

- Sérstaða hvers leikskóla á að njóta sín.
 - Vinna út frá áherslum leikskólans og á hans forsendum.
- Allir starfsmenn eru mikilvægir og taki virkan þátt í þessari vinnu.
- Flétta málörvun og vinnu með grunnþætti læsis inn í allt daglegt starf leikskólans.
- Nýta allar stundir og aðstæður s.s. frjálsan leik, útiveru, biðtíma, matartíma, sögustundir o.s.frv.
- Rýna til gagns í eigin störf.



Út á hvað gengur verkefnið?

- Þróunarverkefni – áframhaldandi þróun og verkferlar.
- Að ramma inn á markvissan hátt það sem er gert í leikskólanum.
- Að kortleggja styrkleika og veikleika leikskólans.
- Að flokka málörvunarefni, skilgreina aðferðir og uppbyggingu málörvunarstunda.
- Að útbúa verkferla/áætlanir eftir greiningar, skimanir og próf.
- Að gera áætlun um hvernig má gera gott leikskólastarf betra.
 - Hvað á að gera?
 - Hvenær á að gera það?
 - Hver á að gera það?
 - Hvaða námsefni/efnivið á að nota?

Verkátætlun

- Áætlað að innleiðingarferlið taki eitt ár í þrem áföngum.
 - Fundir reglulega með lykilfólki/leiðtogum þar sem aðgerðaráætlun og áherslur eru ræddar.
 - Tengiliðahópur myndaður í kringum verkefnið.
 - Námskeið/fyrirlestrar fyrir allt starfsfólk leikskólanna.
- Leikskólar vinna ákveðna þætti í verkefninu yfir tímabilið.
 - Fræðsla fyrir foreldra.
 - Yfir tímabilið vinna leikskólar drög að handbók fyrir sinn leikskóla.
- Handbækur eru lokaafurðir.



Ávinningur fyrir leikskóla er:

- Aukin þekking, færni og öryggi alls starfsfólks leikskólanna í vinnu með málörvun og læsi.
- Vinna með málörvun og grunnþætti læsis á skilvirkan hátt.
- Árangursrík vinnubrögð varðandi málörvun.
- Starfsfólk leikskóla fær leiðsögn og stuðning varðandi skipulag á snemmbær stuðningur og uppbygginu málörvunarstunda.
- Aukið öryggi við að beita aðferðum snemmbærs stuðnings til að mæta þörfum allra barna.
- Handbók sem leiðarvísir í vinnu með málþroska og læsi, í hverjum leikskóla.
- Ráðgjöf að kostnaðarlausu.

Aðkoma Menntamálastofnunnar

- Málþing – Snemmbær stuðningur í hnotskurn
- Innleiðingarferli aðgengilegt
- Leiðtogaþjálfun
- Málstofur – jafningafræðsla
- Fræðsluefni
 - Efni aðgengilegt á [Fræðslugátt Menntamálastofnunnar](#)
- Ráðgjöf og samstarf við sveitafélög – leikskóla
 - leikskolamal@mms.is